



Sveitarfélagið Hornafjörður
Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 4. maí 2017
Tilv.: FOR17040001/9.1.0

Forsætisráðuneytið vísar til erindis umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 30. mars sl., þar sem er óskað eftir afstöðu og samþykki forsætisráðuneytisins fyrir því að neðangreindar þjóðlendur í sveitarfélaginu Hornafirði verði friðlýstar sem hluti Vatnajökulsþjóðgarðs.

Eftirtaldar þjóðlendur eru: Ærfjall (nr. 5), Fjal (nr.6), Breiðármörk (nr. 7), Vestanvert Jökulsárlón (nr. 8), Veðurárdalssvæðið norðvestan Hvítingsdal (nr. 9), Hafrafell (nr. 10) og landsvæði framan við Hafrafell (h) sbr. kort óbyggðanefndar "Yfirlitskort yfir þjóðlendur á svæðum 1-8B" dags. 11. október 2016.

Ráðuneytið óskar eftir umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar um þessi áform umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Sveitarfélagið fær frest til 14. maí nk. til að koma að athugasemdum við erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins áður en forsætisráðuneytið tekur afstöðu til erindisins.

Fyrir hönd ráðherra

Regína Sigurðardóttir
Regína Sigurðardóttir

Sigurður Örn Guðleifsson
Sigurður Örn Guðleifsson

Fylgiskj.: Erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 30. mars 2017, varðandi tillögu að stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs til suðurs.

Ljósrit: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Guðríður Þorvarðardóttir
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Forsætisráðuneytið		
Málsnr.	FOR17040001	Abm. SÖG
Db.	9.1.0	Aðrir
Mótt.	03.04.2017	Svarfr.
Aths.		LVM



Forsætisráðuneyti
Sigurður Örn Guðleifsson
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
150 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 30. mars 2017
Tilv.: UMH11050044/041-216-1

Efni: Tillaga að stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs til suðurs.


Umhverfis- og auðlindaráðuneytið vinnur að stækkun á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, en þar er að finna afar merkar náttúruminjar sem jafnframt eru undir miklu álagi ferðamanna. Ríkissjóður neytti forkaupsréttar á jörðinni Felli á austanverðum Breiðamerkursandi fyrir í vetur, en þar er m.a. austurbakki Jökulsárlóns, með það að markmiðið að auka vernd svæðisins og stuðla að stjórnun þess í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins.

Með stækkuninni er stefnt að því að Vatnajökulsþjóðgarður stækki til suðurs þannig að hægt verði að skipuleggja stjórnun og vernd þessa mikilvæga svæðis á heildstæðan hátt. Stækkunin myndi jafnframt tengja þjóðgarðinn til sjávar og bæta við hann mikilvægum landslagsheildum. Eins skiptir miklu að svæðið er afar fjölsótt ferðamannasvæði sem er undir miklu álagi og kallar á ýmsar aðgerðir vegna þess. Ráðuneytið telur afar mikilvægt að hægt verði að stuðla að stjórnun og vernd svæðisins á samræmdan hátt og að það sé best gert innan Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem lögfest er samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Ráðuneytið bendir jafnframt á að verkefnisstjórn sem vinnur að tilnefningu Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO í kjölfar samþykktar ríkisstjórnar, hefur lagt eindregið til að þjóðgarðurinn verði stækkaður á þessu svæði, þannig að hann nái betur yfir mikilvægar landslagsheildir sem tengjast mótandi öflum náttúrunnar.

Til að vinna þessu framgang telur ráðuneytið mikilvægt að eftirtaldir þjóðlendur verði friðlýstar sem hluti Vatnajökulsþjóðgarðs: Ærfjall (nr. 5), Fjall (nr. 6), Breiðármörk (nr. 7), Vestanvert Jökulsárlón (nr. 8), Veðurárdalssvæði norðvestan Hvítingsdals (nr. 9), Hafrafell (nr. 10) og landsvæði framan við Hafrafell (h) sbr. kort Óbyggðanefndar "Yfirlitskort yfir þjóðlendur á svæðum 1 - 8B" dags. 11. október 2016. Því er við að bæta að Breiðamerkursandur allur, þ.e. landsvæði frá jökli til fjöru, milli Vestari-Kvíár og Fellsár er á náttúruminjaskrá (svæði 635). Með viðbótinni, þ.e. framanskráðum þjóðlendum til viðbótar við jörðina Fell, yrði þá Jökulsárlón allt og nærliggjandi svæði innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs.

Ráðuneytið óskar eftir afstöðu og samþykki forsætisráðuneytisins um að framanskráðar þjóðlendar verði friðlýstar sem hluti Vatnajökulsþjóðgarðs og að þjóðgarðurinn taki við formlegri umsjón svæðisins til framtíðar á grundvelli laga sem um hann gilda.

 Fyrir hönd ráðherra
Jón Geir Pétursson


Guðrún Þorvarðardóttir